

Tillalaga að reglum um ferðastuðning við námsmenn sem stunda nám utan Reykjanesbæjar.

Tillögur þessar byggja á reglugerð um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) um jöfnun námskostnaðar frá 18. júlí 2002.

Lagt er til að greiddur verði ferðastyrkur til þeirra námsmanna með lögheimili í Reykjanesbæ, sem ekki eiga rétt á aksturstyrk skv. reglugerð Lánasjóðs íslenskra námmanna(LÍN).

Þeir námsmenn sem þetta á við um eru:

- A. Háskólanemar í staðbundnu námi á höfðuborgarsvæðinu.
- B. Framhaldsskólanemar á 1. ári, sem stunda nám sem ekki er sérstaklega styrkt af LÍN.

Námsmennirnir sækja um styrkinn til Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar fyrir 15. september og 15. janúar ár hvert og leggja þá fram staðfestingu um skólaskráningu.

Uppfylli námsmaðurinn ofangreind skilyrði A eða B, fær viðkomandi formlega úttektarheimild sem hefur ígildi ávísunar. Úttektarheimildin er gefin út á nafn. Viðkomandi getur annað hvort lagt úttektarheimildina inn hjá SBK til afsláttar á fargjöldum allt að 30.000,-kr/önn eða framvísað henni til eingreiðslu á bæjarskrifstofum eftir að önninni lýkur.

Skólaskrifstofan heldur yfirlit yfir nöfn og fjölda nema sem fá úttektarheimilina.

SBK sendir þær úttektarheimildir sem þeim berast til greiðslu hjá Skólaskrifstofu tvisvar á ári eða í desember og maí ár hvert.

*Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar
19.11.2002*